

Fundarritari: Krístrún Birgisdóttir

Dags: 14. maí 2024

Tilefni: Skólanefndarfundur

Fundinn sátu: Sigríður Ragna, Petra, Pétur, Róbert, Magnús, Ágúst, Margrét og Krístrún sem jafnframt ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp.

Fundargerð síðasta fundar borin upp og samþykkt.

2. Skólastarf í lok vorannar.

Magnús fór yfir skólastarf vorannar og sagði starfið hafa gengið vel. Það sem kannski helst stendur upp úr er að skólinn hlaut 3. sætið í Stofnun ársins. Einnig sá skólinn um starfsþróunardag fyrir framhaldsskóla þar sem um 1400 starfsmenn tóku þátt.

Magnús dreifði yfirliti yfir uppgjöri frá deginum til fundarmanna. Afgangur verður geymdur og nýttur á næsta starfsþróunardegi. Dagurinn tókst vel og mikil ánægja meðal þátttakenda. Námskraftur er kominn til skólans til framtíðar. Magnús dreifði upplýsingum á breytingum á starfsmannamálum sem kynntar voru á síðasta starfsmannafundi. Aðallega er um að ræða breytingar vegna auglýsinga á störfum innanhúss. Spurt var um nám fyrir sjúkraflutningamenn og Magnús sagði frá því að skólanum hefði verið falið að búa til námskrá og taka við því námi og kenna með VMA. Spurt var hvar stöður væru auglýstar og var því svarað að störf er varða innra skipulag þyrfti eingöngu að auglýsa innanhúss en aðrar stöður sbr. kennslustöður væru auglýstar á Starfatorgi.

3. Fjárhags- og rekstraráætlun

Yfirliti um afkomu ársins dreift til fundarmanna. Rætt var um kostnað (almennt) vegna langtímaveikinda starfsmanna og það að skólar fengju ekki viðbótarfjármagn vegna þeirra. Magnús sagði frá því að 75% allra framhaldsskóla væru í mínus eftir uppgjör ársins 2023. Skólinn skilaði rúmlega 35.000.000 kr í „afgang“. Nánari upplýsingar um afkomu sjá blað sem dreift var á fundinum.

4. Fjarnámið.

Tæplega 1500 nemendur stunduðu nám í fjarnámi á önninni. Rætt var um laun og launakjör en Magnús sagði frá því að rúmlega 60 kennarar (sem væru að kenna fjarnám með dagskóla) væru með yfir milljón í laun á mánuði.

5. Móttökuáætlun erlendra nemenda.

Sigríður nefndi að mikil umræða væri í samfélaginu vegna álags á kennara vegna kennslu erlendra nemenda. Magnús sagði frá breytingu er varðar utan um hald erlendra nemenda. Nýr deildarstjóri AM nemenda kemur til með að taka alla nýja nemendur í viðtal í vor til að kanna námslega stöðu þeirra. Einnig stendur til að breyta fyrirkomulagi á kennslu ÍSAN áfanga þ.e. nemendur klára tvo áfanga á önn. Nemendur yrðu þá í 8 tíma á viku í hverjum áfanga þ.e. ljúka fyrst fyrri áfanga og fara síðan í seinni áfanga.

Jóhanna sagði frá því að dóttir hennar hefði kvartað undan hávaða í kennslustundum frá erlendum nemendum. Margrét sagði frá því að í grunnskólum væri mikið kvartað undan (ó) jafnrétti sem mest skapaðist vegna mismunandi menningar . Rætt vítt og breytt um erlenda nemendur og stöðu þeirra í skólakerfinu.

6. Formaður skólanefndar greinir frá fundi með barnamálaráðherra.

Sigríður sagði frá fundi sem hún átti með mennta- og barnamálaráðherra en fundurinn var boðaður með öllum sem eru formenn í skólanefndum. Fundurinn var óformlegur þ.e. engin ákveðin dagskrá heldur tækifæri fyrir ráðherra til samtals við formenn skólanefnda.

Á fundinum kom fram að það væri fjárhagsvandi í skólum almennt og það vantaði skýrari stefnu frá ráðuneytinu varðandi erlenda nemendur. Á fundinum var einnig rætt um laun nefndarmanna í skólanefndum þ.e. skólar réðu sjálfir hvað þeir greiddu fyrir fundarsetu.

Einnig var rætt um að skólameistarar væru misduglegir að nýta sér krafta skólanefndar. Skólanefndir gætu verið duglegar í að ýta málum áfram í ráðuneytinu. Ráðherra ætlar að sögn Sigríðar að halda fleiri fundi með formönnum skólanefnda og benti viðstöddum á að ef það væri eitthvað sem fundarmenn vildu koma á framfæri til ráðherra þá væri gott að koma þeim upplýsingum á framfæri við hana fyrir þann fund. Rætt vítt og breytt um innflytjendur og skólamál.

7. Önnur mál.

Skólaslit verða 24.5. klukkan 13.

Margrét vildi hrósa skólanum fyrir að sinna vel fjölbreyttum nemendahóp.

Fundi slitið klukkan 13:20.